



13. desember 2023

SKORTUR IÐNSKÓLA Á FJÁRMAGNI OG VIÐEIGANDI HÚSNÆÐI VELDUR SKORTI Á IÐNMENNTUÐUM

- Á sama tíma og skortur hefur verið á iðnmenntuðum á vinnumarkaði á síðustu árum hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn. Niðurstöður könnunar sem Samtök iðnaðarins (SI) létu gera meðal forsvarsmanna iðnskóla (iðn-, verk- og starfsnámskóla) landsins sýna að meginástæðurnar fyrir synjun á námsplássi eru skortur á fjármagni og viðeigandi húsnæði. Í því ljósi fagna Samtök iðnaðarins því að mennta- og barnamálaráðuneytið sé nú með í undirbúningi stækkun helstu iðnskóla landsins.
- Húsnæði iðnskóla landsins er fullnýtt samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Í heild gætu iðnskólar sem svara könnuninni tekið við 4.876 iðnnemum í núverandi húsnæði. Heildarfjöldi í iðnnámi hjá þessum skólum er nú 4.653 og er nýtingahlutfallið því ríflega 95%. Allir iðnskólar fyrir utan einn svara könnuninni og eru þeir þrettán skólar sem svara með um 91% af heildarfjölda nemenda í iðnnámi hér á landi.
- Samkvæmt könnuninni er húsnæði stærstu iðnskóla landsins fullnýtt og svigrúm til aukningar þar ekkert. Einungis í minni skólum á landsbyggðinni er mögulegt að fjölga nemendum eitthvað innan núverandi húsnæðis en þar er hins vegar ekki boðið upp á nema mjög takmarkaðan hluta af námsbrautum í iðnnámi.
- Samkvæmt könnuninni skortir iðnskóla ekki bara aukið húsnæði til þess að geta tekið við og útskrifað fleiri nemendur heldur þurfa þeir einnig aukið rekstrarfé. Áætlaður kostnaður við iðnnám þeirra skóla sem svara könnuninni er tæplega 9,5 ma.kr. á núverandi skólaári. Samkvæmt könnuninni taka flest allir iðnskólar við fleiri nemendum en sem nemur því fjármagni sem til þeirra er úthlutað í fjárlögum. Margir iðnskólar skila því halla til að mæta þeim mikla fjölda sem sækir um nám í skólunum. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vantar skólana rétt um milljarð króna til að ná endum saman og fullnýta skólahúsnæðið. Til viðbótar vantar skólana samkvæmt könnuninni hartnær milljarð króna til að bæta tækjakost í núverandi húsnæði þannig að þeir geti boðið upp á nútímavætt iðnnám. Einnig vantar fjármagn til að fjölga kennurum.
- Í könnun meðal forsvarsmanna iðnfyrirtækja fyrir Iðnþing SI í mars 2023 kemur fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja. Af þeim segja 56% að það skorti iðnmenntað starfsfólk sem er talsvert hærra hlutfall en mælist gagnvart annarri menntun. Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna þess að framboð vinnuafis með rétta færni og menntun hefur ekki verið nægjanlegt.


SKORTUR Á HÚSNÆÐI HINDRAR FJÖLGUN IÐNNEMA

Húsnæði iðnskóla (iðn-, verk- og starfsnámsskóla) landsins er fullnýtt samkvæmt könnun sem SI lét gera meðal forsvarsmanna skólanna í nóvember síðastliðnum. Meta skólarnir sem svara könnuninni að þeir geti tekið við samanlagt 4.876 nemendum innan núverandi húsnæðis. Heildarfjöldi í iðnnámi hjá þessum skólum er nú 4.653 og er nýtingahlutfallið því ríflega 95%.

Samkvæmt könnuninni er húsnæði stærstu iðnskóla landsins fullnýtt og svigrúm til fjölgunar nemenda þar er ekkert. Einungis í minni skólum á landsbyggðinni er mögulegt að fjölga nemendum eitthvað innan núverandi húsnæðis en þar er hins vegar ekki boðið upp á nema mjög takmarkaðan hluta af iðnnámi.

Allir iðnskólar fyrir utan einn svara könnuninni og eru þeir þrettán skólar sem svara með um 91% af heildarfjölda nemenda í iðnnámi hér á landi.

Fjöldi nemenda í iðn- og verknámi




IÐNSKÓLA SKORTIR FJÁRMAGN

Samkvæmt könnuninni skortir iðnskólum ekki bara aukið húsnæði heldur einnig aukið rekstrarfé. Áætlaður kostnaður við iðnnám þeirra skóla sem svara könnuninni er tæplega 9,5 ma.kr. á núverandi skólaári. Samkvæmt könnuninni taka flest allir iðnskólar við fleiri nemendum en sem nemur fjármagninu sem til þeirra er úthlutað í fjárlögum. Margir iðnskólar skila því halla til að mæta þeim mikla fjölda sem sækir um nám í skólunum. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vantar skólana rétt um milljarð króna til að ná endum saman og fullnýta skólahúsnæðið. Til viðbótar vantar samkvæmt könnuninni hartnær milljarð króna inn í skólana til að bæta tækjakost í núverandi húsnæði þannig að þeir geti boðið upp á nútímavætt iðnnám. Einnig vantar fjármagn til að fjölga kennurum.

Forsvarsmenn skólanna sem svara nefna að það þyrfti að bæta við kennurum en segja einnig að það sé ekki fyrirstaða fyrir fjölgun nemenda. Segja þeir að það hafi reynst vel að vera í sambandi við fyrirtækin í bæjarfélögum í kringum skólana og leitað sé til meistara til þess að kenna. Einn forsvarsmáður segir: „Okkur hefur reynst ágætlega að ráða inn kennara og það hefur í sjálfu sér ekki stöðvað okkur - þetta liggur í fjármagni og plássi“. Á meðan annar segir að skólinn væri að mennta nemendur án þess að fá fjármagn.

Einn forsvarsmannanna segir að það sé mikil þörf á að nútímavæða greinar í starfsnámi og mikil endurnýjunarþörf í skólanum og sé þar ekkert undanskilið. Segir hann að það væri ákall um fleiri námsleiðir sem skólinn hafi ekki farið af stað með vegna mikils kostnaðar. Segir hann að lágmarksendurnýjun tækja á núverandi brautum muni kosta skólann hundruð milljóna. Bætir hann við að þetta fjármagn eigi skólinn ekki til og muni aldrei ná að nútímavæðast nema í mjög litlum mæli miðað við rekstur skólans og í hvað fjármagnið er að fara, þ.e. aðallega laun og húsnæðiskostnað.

Hvað vantar af fjármagni til að... í m.kr.




UMSÓKNUM UM IÐNNÁM HAFNAÐ Á TÍMA MIKILS SKORTS IÐNMENTAÐRA

Skortur á húsnæði og fjármagni hefur á undanförunum árum valdið því að miklum fjölda umsókna um nám í iðnnám hefur verið hafnað. Á sama tíma og skortur hefur verið á iðnmenntuðum á vinnumarkaði hefur á síðustu árum um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn.


Af 2.460 umsækjendum um skólavist í iðnnámi haustið 2023 fengu 1.903 skólavist og 434 fengu höfnun á skólavist. Flestir fengu höfnun um skólavist á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Tækniskólanum (378). Flestum umsóknum var hafnað í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina, því næst rafvirkjun og rafeindavirkjun, hönnun, tækni, tölvu og skyldum greinum, pípulögnum og málmsmíði, vélstjórn og vélvirkjun.

Í könnun meðal forsvarsmanna iðnfyrirtækja fyrir Iðning SI fyrr á þessu ári kemur fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja. Af þeim segja 56% að það skorti iðnmenntað starfsfólk sem er talsvert hærra hlutfall en mælist gagnvart annarri menntun. Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna þess að framboð vinnuafls með rétta færni og menntun hefur ekki verið nægjanlegt.

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?



Hvers konar starfsfólk skortir helst?



Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu ár sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum hér á landi. Lykilþáttur í starfsemi greinarinnar er mannauður en alls starfa nú um 52 þúsund manns í iðnaði eða einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Hefur þeim fjölgað um nær 14 þúsund undanfarinn áratug og hafa aldrei áður jafn margir starfað í greininni hér á landi. Menntakerfi landsins hefur mistekist að sinna þeirri mannauðspörf sem hlotist hefur af vexti iðnaðarins á síðustu árum. Stórum hluta þarfarinnar hefur verið mætt með innfluttu vinnuafli en meira þarf til. Til viðbótar við hraðan vöxt er mikil þörf á næstu árum fyrir nýliðun í mörgum iðngreinum. Meðalaldur í sumum iðngreinum er hár og margir munu því hverfa af vinnumarkaði á næstu árum sökum aldurs. Á þetta m.a. við um húsasmíði, rafvirkjun, ýmsar greinar vél- og málmsmíði, pípulagnir og bíliðngreinar.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að meginástæðurnar fyrir höfnun á námsplássi eru skortur á fjármagni og viðeigandi húsnæði. Í því ljósi fagna Samtök iðnaðarins því að mennta- og barnamálaráðuneytið sé nú með í undirbúningi stækkun helstu iðnskóla landsins ásamt nýju og stærra húsnæði fyrir Tækniskólann.¹

¹Aðgerðir til að fjölga nemum í starfsnámi, Stjórnarráð Íslands, nóv. 2022